



Ársreikningur Knattspyrnudeildar Breiðabliks vegna 2021

Tekjur

Heildar rekstrartekjur Knattspyrnudeildar Breiðabliks námu 615 mkr. á árinu en voru 445 mkr. árið 2020. Hækkunin nemur því 170 mkr. Það skýrist aðallega af þátttöku meistaraflokka félagsins í Meistaradeild Evrópu og Sambandsdeild Evrópu en tekjur af Evrópumótum jukust um 150 mkr. Iðkendum í unglíngastarfi fjölgaði um tæplega 9% á milli ára og skýrir það hækkun á æfingagjöldum um 16 mkr. á milli ára.

Helstu tekjuliðir félagsins 2021 eru (í milljónum króna):

Æfingagjöld	138,5
Sala og leiga leikmanna	70,4
Framlög og styrkir	89,8
Evrópukeppni	202,6
Mótahald	76,0
Aðrar tekjur	37,3
Samtals	614,6

Rekstrargjöld

Heildar rekstrargjöld Knattspyrnudeildar námu 567 mkr. á árinu en voru 438 mkr. 2020. Þau hækka því um 129 mkr. Launakostnaður og kostnaður við rekstur allra flokka félagsins hækkar um 43 mkr. og kostnaður vegna þátttöku í mótum hækkar um 86 mkr. sem er vegna þátttöku meistaraflokka félagsins í Evrópukeppni á árinu. Vegna aukinna Covid krafna varðandi ferðatilhögun í Evrópukeppnum þá varð kostnaður við þátttöku umtalsvert meiri en hann hefði orðið við eðlileg skilyrði.

Helstu kostnaðarliðir félagsins 2021 eru (í milljónum króna):

Þjálfun og yfirstjórn	213,0
Leikmenn og annar kostnaður við rekstur meistaraflokka	150,1
Þátttaka í mótum	140,0
Annar kostnaður	63,9
Samtals	567,0

Hagnaður ársins 2021 nam 46,5 mkr. á árinu en hagnaður á rekstri ársins 2020 að nam 13,5 mkr.

Skifting á milli unglíngastarfs og eldri flokka.

Tekjur af unglíngastarfi félagsins námu 223 mkr. og heildarkostnaður er 203 mkr. (en endurgreiðslur á launakostnaði ársins 2020 vegna Covid fengust greiddar til baka í formi styrkja á árinu 2021) Tekjur eldri flokka námu 391,6 mkr. og heildarkostnaður er 364 mkr.

Áætlun ársins 2022

Áætlun vegna ársins 2021 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 525 mkr., heildargjöld 518 mkr. og gert er því ráð fyrir að hagnaður ársins 2022 verði um 5 mkr.